

Skólaráð 28.mars 2011

5. fundur

Mætt eru: Árni Jón, Hrönn, Þórhildur, Þóranna, Alda og Gróa

Foreldrakönnun

Samkvæmt starfsáætlun skólaráðs var gert ráð fyrir að fjalla um foreldrakönnun en hún verður framvegis annað hvert ár og var ekki þetta árið.

Olweus

Farið var yfir niðurstöður Olweusar könnunarinnar. Mestar áhyggjur vekja rafrænt einelti. Alltof mörg börn eru með Facebook síður án þess að hafa til þess aldur. Þau ráða ekki við þær aðstæður sem þar koma oft upp.

Starfsáætlun - umbótaráætlun

Starfsáætlun 2011 var rifjuð upp og skoðað hvernig við stöndum okkur. Miðað við að tæplega þrjú mánuðir eru liðnir af gildistíma áætlunarinnar þá erum við að standast hana eins vel og hægt er.

Skóladagatal

Skóladagatal 2011-2012 var lagt fyrir og kynntar breytingar frá því að drögin voru síðast lögð fyrir í febrúar. Búið er að samræma dagatalið við grunn- og leikskóla bæjarins. Vetrarfrí er viku fyrr en vant er vegna námsferða Lágafellsskóla og Hlíðar. Skóladagatalið var samþykkt á fundinum.

Áhættumat

Farið var yfir gerð áhættumats fyrir skólann. Allir starfsmenn skólans hafa komið að matinu og gert er ráð fyrir að skila inn til mannauðsstjóra bæjarins í lok vikunnar. Foreldrafélagið hefur staðið að ytra mati á skólalóð og húsnæði undanfarin tvö ár og hefur það hjálpað mikið til við að gera aðstæður nemenda og starfsmanna betri.

Fleira var ekki tekið fyrir

Þóranna Rósa Ólafsdóttir

Skólastýra